

Nr. 044 / 10 Kópur HF 29**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6443
Smíðaður: Hafnarfirði 1982 plast
Stærð: 6 brl. 6,3 bt.
Mesta lengd: 9,1 m Skráð lengd: 9 m
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,39 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 1999
Fjöldi skipverja: 2



Kópur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. maí 2010 var Kópur HF 29 á siglingu á miðin í Faxaflóa. Veður: Logn.

Þegar komið var um 7 sml NA af Gróttu dró skyndilega niður í vélinni og hún stöðvaðist áður en ráðrúm gafst til að kúpla frá skrúfunni. Eftir að skipstjóri hafði kannað lauslega ástæður vélarstöðvunarinnar komst hann að því að skrúfudrifið var brotið. Hann kallaði á strandstöð og bað um aðstoð við drátt til hafnar. Björgunarbáturinn Fiskaklettur var sendur og tók hann Kóp HF í tog en björgunarskipið Einar Sigurjónsson tók síðar við drættinum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að í drifhúsinu, sem var ónýtt, var allt brotið s.s. tannhjól og lagerar;
- að skipstjóri varð ekki var við högg eða neitt óvenjulegt á siglingunni. Í ljós kom að báðar skrúfurnar voru bognar og brotnar og voru þær dæmdar ónýtar. Enginn aðskotahlutur var sjáanlegur í skrúfunum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.